



FÉLAG ELDRI BORGARA  
Á AKUREYRI

## 4. stjórnarfundur EBAK 21. október 2020.

**Mættir:** Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Eva B Magnúsdóttir Birgir Svavarsson og Sigurður Harðarson

1. **Fundarsetning** kl. 10:00
2. **Fundargerð síðasta fundar** borin upp og samþykkt.
3. **Viðvera í Bugðusíðu.** Skrifstofan hefur verið opin kl. 15-16 tvo miðvikudaga 30. september og 14. október en sleppt 7. október. Nokkrir félagsmenn hafa komið og hringt. Halda áfram viðveru. 28. október Eva og Birgir, 4. nóvember Úlfhildur og Sigurður. 11. nóvember Garðar og Friðrik. 18. nóvember Hallgrímur.
4. **Næsti stjórnarfundur.** Tillaga um 18. nóvember kl. 13:00 og fá fulltrúa EBAK í Öldungaráði á þennan fund. Samþykkt.
5. **Frá síðasta stjórnarfundu.** Grein í Vikublaðinu um EBAK. Hjörleifur Hallgríms hefur verið að þrýsta á Þröst Viðarsson ritstjóra að skrifa grein um félagið í blaðið. Hallgrímur er búinn að senda Þresti ritstjóra efni frá kynningarfundu fræðslunefndar og EBAK.
6. **Bugðusíða.**
  - a) **Nýtt svið í salnum.** Sett hefur verið upp nýtt svið í salnum. 28. sept sendi Hallgrímur Akureyrarbæ bréf um húsnæðið og stendur til að boða til fundar um þessi mál.
  - b) **Báðar starfstúlkurnar í Bugðusíðu hafa sagt upp störfum.** Þær hafa gefið ádrátt að halda áfram með breyttum forsendum.

- c) **Fundur með Kristni Reimarssyni sviðstjóra samfélagssviðs Akureyrar.** Halgrímur og Úlfhildur funduðu með Kristni Reimarssyni þar sem honum var gerð grein fyrir starfsmannamálum í Bugðusíðu og samvinnu milli félagsmiðstöðvanna á Akureyri.
  - d) **Bréf til frístundaráðs Akureyrarbæjar.** Hallgrímur lagði fram bréf til frístundaráðs Akureyrarbæjar þar sem Ebak segir sig frá starfsmannahaldi í Bugðusíðu. Samþykkt.
7. **Bólusetning í Bugðusíðu og Víðilundi.** Í þessari viku hefur verið flensubólusetning í félagsmiðstöðunum.
8. **Fundir með formönnum nefnda** sem átt að vera í september var frestað vegna covid. Verður frestað á meðan fjöldatakmarkanir eru í gildi. Það þarf að ítreka að nefndir geri grein fyrir fjárhag sínum. Það þarf að brýna fyrir nefnum að skila inn fundargerðum í tölvuna á skrifstofunni.
9. **Greiðsla árgjalda.** Torfhildur lagði fram bréf til þeirra sem hafa ekki greitt árgjaldið. Um 50 félagsmenn hafa ekki greitt.
10. **Önnur mál.**
- a. **Erindi frá fræðslunefnd.**
    - a) Fræðslunefnd tók að sér erindinu frá Heilaheill og ætlaði að halda þessa kynningu en þurfti að fresta vegna samkomubanns.
    - b) Áhugi að streyma fundum. Tillaga að nemendur MA aðstoðuðu og spurt hvort væri hægt að umbuna þeim.
    - c) Hugmynd frá fræðslunefnd beint til stjórnar um hreyfihóp fyrir hægfara. Gæti verið verkefni fyrir göngunefnd. Eins gæti verið hugmynd að hittast í salnum í Bugðusíðu og gera saman leikfimi í útvarpi.
  - b. **Bréf frá Jónasi Karlessyni** um gjaldskrá í Hlíðarfjalli þar sem eldri borgara (+67) fá ekki lengur afslátt af árskortum eins og áður. Í fyrra var árskortid fyrir eldri borgara kr. 7000 en er í ár kr. 40.500 fyrir nýtt kort, annars 35.700. Þarf að senda kvörtun til bæjarráðs Akureyrar. Hallgrímur ætlar að senda bréf.
11. **Fundarslit kl. 11:35.**